

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna. Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið. Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B. lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldföllin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B. lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps 17. september 2001.

*Borgarfirði, 22. september 2001.*

**Magnús Þorsteinsson** oddviti Borgarfjarðarhrepps.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðast svo:

Virðisaukaskattsskyldir aðilar skulu ótilkvaddir gera grein fyrir virðisaukaskatti, sem þeim ber að standa skil á eða þeir eiga rétt á að fá endurgreiddan, á sérstökum virðisaukaskattsskýrslum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á skýrslum þessum. Ríkisskattstjóri getur á grundvelli skriflegrar umsóknar skattaðila heimilað honum að skila skýrslu á rafrænu formi. Ríkisskattstjóri getur bundið slíka heimild við notkun veflykils (sérstaks stafræns auðkennis) er hann lætur skattaðila í té. Ríkisskattstjóri getur afturkallað heimild haldi skattaðili ekki almenna skilmála er ríkisskattstjóri setur um rafræn skil, ef ítrekuð vanhöld verða á skilum, eða ef breytingar verða á forsendum rafrænna skila. Skýrslur til nota fyrir þá sem hafa tveggja mánaða, sex mánaða eða ársuppgjörstímabil skulu vera í formi gíróseðils, eða á rafrænu formi með möguleika á rafrænni sendingu greiðsluupplýsinga til banka eða sparisjóðs.

2. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Slíkar skýrslur geta verið á rafrænu formi, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Greiðsla á grundvelli rafrænna greiðslufyrirmæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrirmælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.

## 4. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Notkun veflykils við rafræn skil skýrslu, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr., jafngildir undirritun skýrslu.

## 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 27. september 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi austurbæjar, Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 4. september 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi austurbæjar í Vestmannaeyjum, dagsetta 26. nóvember 1987.

Breytingin nær til reits sem afmarkast af skipulögðum lóðum að Stóragarði 1, 3 og 5 og felst í að þeim lóðum er breytt úr þremur einbýlishúsalóðum í tvær parhúsalóðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 26. september 2001.*

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,

**Guðjón Hjörleifsson** bæjarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum.

## 1. gr.

**Markmið.**

Markmiðið með reglugerð þessari og viðaukum hennar er að koma á skoðanakerfi sem mun veita aukna tryggingu fyrir öryggi í rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum til eða frá höfnum Íslands og aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og kveða á um rétt til að annast, taka þátt í eða eiga samvinnu um rannsóknir á sjóslysum eða óhöppum í slíkum áætlunarferðum.